

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Leiðhamrar 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 6. janúar 2011 breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Leiðhamra. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Kristnibraut 65-67.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 4. nóvember 2010 breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæðis 3 vegna lóðarinnar nr. 65-67 við Kristnibraut. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 2. febrúar 2011.

Ólöf Örvarsdóttir.